

Dagskrá foreldrafélagsins vorið 2017

Kæru foreldrar og forráðamenn

Við vekjum athygli á eftirfarandi viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir á næstunni:

Skólamyndataka frá Skólamyndum 26. apríl



Ljósmyndari frá Skólamyndum mætir í leikskólann og tekur myndir á öllum stofum **miðvikudaginn 26. apríl**.

Hægt verður að kaupa myndirnar ef þess er óskað.

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn laugardaginn 27. maí kl. 10:30



Laugardaginn 27. maí kl. 10:30 ætlum við að hittast í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, leika okkur og gæða okkur á grilluðum pylsum.

Foreldrafélagið býður upp á pylsur og drykki en foreldrar sjá sjálfir um að grilla fyrir börn sín á grillsvæðinu. Skráning hefst í maí.

Sumarhátíð Sólborgar fimmtudaginn 22. júní



Fimmtudaginn 22. júní kl. 14:30 verður hin árlega sumarhátíð Sólborgar haldin.

Þá verður mikið um dýrðir; óvæntur leynigestur, andlitsmálning, leiktæki, pylsur og fjör.

Endilega skráið hjá ykkur þessar dagsetningar.

Við hlökkum til að sjá ykkur sem flest!

Stjórn foreldrafélagsins.